

Rekstrarstefna Eyktar

1. Almennt

Rekstrarstefna Eyktar sameinar gæða-, umhverfis-, heilsu- og öryggisstefnur fyrirtækisins undir eitt stefnuskið.

Markmið að byggja upp öflugt þekkingarfyrirtæki í byggingariðnaði, fylgja þróun byggingarmarkaðarinnar og efla þjónustu fyrirtækisins. Gæðaráð Eyktar skuldbindur sig í stöðugar umbætur á rekstrarstjórnunarkerfinu í samræmi við þróun fyrirtækisins og að uppfæra kerfið í samræmi við viðeigandi kröfur, breytingar á lögum og reglugerðum.

Eykt leggur áherslu á starfsmenn hafi að leiðarljósi umhverfisvernd og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar við störf sín og lögð er áhersla á snyrtimennsku á öllum vinnustöðum. Vilji Eyktar er að lágmarka umhverfisáhrif frá starfsemi og tryggja að umgengni um mannvirki sé til fyrirmyndar þegar kemur að framkvæmdum jafnt sem viðhaldi.

Eykt leggur áherslu á að starfsumhverfi sé öruggt og að enginn skaðist við vinnu sína hjá fyrirtækinu eða bíði heilsutjón.

Stjórnendur Eyktar hafa skilgreint gæða-, umhverfis- og öryggismál sem einn af áhersluþáttum í rekstri fyrirtækisins. Það er stefna Eyktar að stjórnun fyrirtækisins uppfylli kröfur ÍST 85, ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001.

2. Gæði

- Veita viðskiptavinum umsamda þjónustu á umsömdum tíma
- Verklagsreglum í gæðahandbókinni er framfylgt og haldið við
- Starfsemi sé skilvirk og hagkvæm
- Þekkingu og reynslu starfsfólks á að auka og viðhalda
- Við vinnum stöðugt að úrbótum á öllum sviðum

3. Mannauður

- Stefnu um jafnréttindi má finna í vottun Eyktar á ÍST 85

4. Öryggi og heilsa

- Markmið Eyktar er ávallt að skapa slysalausan vinnustað
- Ábyrgð stjórnenda er skýr og starfsfólk veit að öryggi þess hefur ávallt forgang
- Starfsumhverfi á að vera öruggt fyrir starfsfólk og aðra aðila sem tengjast starfsemi Eyktar
- Starfsfólki skal tryggð nauðsynleg þjálfun í öryggismálum og vinnuvernd
- Við vinnum að stöðugum umbótum í öryggis- heilsu- og vinnuverndarmálum sem varða starfsemi fyrirtækisins
- Fylgjum lögum og reglugerðum varðandi heilsu-, öryggis- og vinnuumhverfismál í starfsemi fyrirtækisins

- Hvetjum starfsfólk til að bera ábyrgð á eigin öryggi og að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hindra óhöpp

5. Umhverfi

- Eykt leggur áherslu á umhverfismál á öllum starfstöðvum sínum
- Lögum og reglum um umhverfismál er fylgt í allri starfsemi fyrirtækisins
- Við drögum eins og kostur er úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda með góðu viðhaldi á tækjabúnaði
- Við nýtum innlenda, endurnýjanlega orkugjafa þar sem að hægt er að koma því við
- Eykt leitast við að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og taka mið af umhverfisáhrifum við innkaup á rekstrarvörum og þjónustu
- Við flokkum allan úrgang, endurnýtum og endurvinnum það sem hægt er og förgum öðrum úrgangi á ábyrgan hátt
- Við miðlum upplýsingum um frammistöðu í umhverfismálum
- Fræða starfsfólk í umhverfismálum